

Fundargerð stjórnar BÍS 08/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 30. mars 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Gestir:

Hallfríður Helgadóttir, fráfarandi aðstoðarskátahöfðingi, Inga Auðbjörg Krisjánsdóttir, fræðslufulltrúi og Nanna Guðmundsdóttir, dagskrárfulltrúi.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Sérstaklega bauð hann nýja stjórnarmenn þau Halldóru og Ólaf velkomin til þessa fyrsta stjórnarfundar eftir Skátapiing. Afhenti þeim skátaklút og bað þau undirrita drengskaparheit skátapiingja.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit skrifstofu, dagskrárráðs, niðurstöður vinnuhóps um rekstrarfyrirkomulag skátafélaga og tillögur um aðila í vinnuhópa BÍS. Lágu fyrir. Tillögur að fólki í vinnuhópa samþykktar. Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir alla hópa sem starfandi eru á vegum BÍS fyrir næsta fund. Ræða frekar rekstrarfyrirkomulag skátafélaga á næsta fundi.
4. Stutt rekstraryfirlit frá starfsmönnum skátamiðstöðvarinnar: Starfsmenn kynntu stjórn helstu verkefni sem unnið er að um þessar mundir.
5. Bréf frá Miðjuhópnum: HS og JIB falið að ræða við Miðjuhópinn og mun stjórn ræða þessu mál ítarlegar á næsta fundi.
6. Siðareglur BÍS: JA falið að senda þær tillögur sem lagðar voru fram á Skátapiingi til skátafélaganna til kynningar. Síðan þarf að vinna málið og kanna samlegð við samskiptareglur sem unnið er að hjá Æskulýðsvettvangnum.
7. Bréf frá Sturla Bragasyni: Sturla óskar eftir lausn frá störfum sem JOTI-Coordinator og stingur upp á Atla B. Bachmann til þessara starfa. Sturla þökkuð mikil og góð störf á þessum vettvangi um langt árabíl. Samþykkt að í samræmi við stefnu stjórnar sé rétt að auglýsa eftir áhugasömum til að taka þetta verkefni að sér. HSG ræðir við Sturla og Atla.
8. Vinnufundir stjórnar og ráða: Ákveðið að halda langan stjórnarfund 27. apríl kl. 17:30-22:00. HS falið að kanna möguleika á vinnufundi stjórnar og ráða 8. maí eða 29. maí kl. 10:00-16:00.
9. WOSM – Need and strength analysis: Samþykkt að ferlið verði þannig að hver og einn fylli út formið og sendi til HS og síðan verði tekin umræða um þá þætti þar sem svörin eru ólík.
10. Önnur mál
 - a. Umsókn um næsta Skátapiing: Skátafélagið Ægisbúar hefur boðist til að halda Skátapiing 2012. Ægisbúum þakkaður áhuginn, en ákveðið að auglýsa eftir félögum sem vilja taka þetta verkefni að sér.
 - b. Úlfjótsvatn: BB upplýsti að Ólafur Ásgeirsson, formaður Úlfjótsvatnsráðs hafi óskað lausnar frá störfum. Rætt um stefnumótun starfseminnar.

- c. Atvik í skátaferð: Ungur skáti varð viðskila við hóp sinn í ferð um liðna helgi en fannst áður en björgunarsveitir höfðu verið kallaðar út. Því miður bárust engar upplýsingar um atvikið til skrifstofu BÍS og því er enn einu sinni þörf á því að fara yfir verkferla.
- d. Almannaheill: Undirbúningur vegna væntanlegrar lagasetningar um frjáls félagasamtök/almannaheillasamtök er að hefjast á vegum efnhags- og viðskiptaráðuneytis. Til að undirbúa þá vinnu stefna Almannaheill að því að efna til „þjóðfundar“ um málið laugardaginn 30. apríl.
- e. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna: HSG spyr hvort BÍS hafi verið beðið um umsögn vegna undirbúnings á breytingum á sáttmálanum. Svo er ekki.
- f. Græn fótspor skáta: BAÁ kynnti hugmyndir að þessu verkefni. Umræðu frestað.
- g. Bréf frá Skátakórnum: Með bréfi dagsettu í dag óskar Skátakórinn eftir aukaaðild að BÍS. Stjórn fagnar erindinu og samþykkir það með fyrirvara um samþykki Skátapings.

11. Umræðuefni – Skátaping 2011:

- a. Kannanir: IAK kynnti niðurstöður netkönnunar sem gerð var meðal þingfulltrúa: Almennt eru þeir ánægðir með framkvæmd þingsins. Í tengslum við þingið var einnig framkvæmd þjónustukönnun meðal sveitar- og félagsforingja. Niðurstöðurnar eru einnig jákvæðar fyrir BÍS en fjöldi svarenda full lítill til að þær séu fyllilega marktækar.
- b. Ný lög BÍS: Búið er að uppfæra lagafrumvarpið með þeim breytingum sem gerðar voru á því. Umræðu um lagamál frestað.
- c. Nefnd um skátaheitið: Frestað til næsta fundar.
- d. Smiðjuhópurinn: Samþykkt að bjóða þeim aukaaðild og óska eftir þátttöku þeirra í vinnu um aukna þátttöku fullorðinna.
- e. Niðurstöður stefnumörkunarumræðu: IAK kynnti. Mikilvægt að halda utan um þau gögn sem urðu til í hópunum.
- f. Ályktun til þingmanna: Ákveðið að nota ályktunina í samtölum við þingmenn. JA falið að vinna greinargerð um nauðsyn ríkistyrks.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði JA

Fundi slitið kl. 20:20